



Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið

2024-2025

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2024-2025, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli.

Stjórn VFÍ 2024-2025

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Páll Á. Jónsson, varaformaður, form.
Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ
Guðrún Sævarsdóttir, meðstjórnandi
Erlendur Örn Fjeldsted, meðstjórnandi
Gunnar Sigvaldason, formaður
Kjaradeildar VFÍ
Silvá Kjærnested, varameðstjórnandi
Þröstur Guðmundsson, varameðstjórnandi
(apríl – september 2024)

Kjaradeild

Gunnar Sigvaldason, formaður
Halldór Zoëga, meðstjórnandi
Ásdís Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Bjarki Ómarsson, meðstjórnandi
Eypór Helgi Úlfarsson, meðstjórnandi
Kristjana Ósk Birgisdóttir,
varameðstjórnandi
Una Guðrún Gautadóttir,
varameðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Páll Á. Jónsson, formaður
Stefán Veturliðason, meðstjórnandi
Bergþór Þormóðsson, meðstjórnandi
Jón M. Guðmundsson, varameðstjórnandi

Endurskoðendur

Eysteinn Einarsson, skoðunarmaður
Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.
Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
Dagrún Hjartardóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi í móttöku
Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Vilborg Ævarsdóttir, gjaldkeri, fulltrúi Menntamálanefndar

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI/EE	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2024	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2024	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2024-2025	bls. 24



Ávarp formanns VFÍ

Í upphafi árs 2025, voru félagar í Verkfræðingafélaginu 5.888 talsins og fjölgaði þeim um 5% á árinu 2024. Félagafjölgunin hefur verið stöðug undanfarin ár og stýttist í að 6.000 félagsmanna múrinn verði rofinn. Sem fyrr er fjárhagsleg staða félagsins og sjóða í vörslu þess góð.

Á liðnu starfsári voru mörg mál á dagskrá hjá félaginu. Eins og búist var við markaðist starfsemin mjög af kjaraviðræðum, sem hafa reynst tímafrekar og erfiðar. Sem formaður Verkfræðingafélagsins hef ég haldið því á lofti að tími sé til kominn að rétta hlut háskólamenntaðra. Þar hef ég sagt að vissulega sé nauðsynlegt að meta menntun til launa en jafnframt að ekki eigi aðeins að líta á menntunarstig sem slíkt heldur verði að taka tillit til eftirspurnar á vinnumarkaði og þarfa samfélagsins. Með öðrum orðum; mikil eftirspurn er eftir tæknimenntuðu fólki og það á að endurspeglast í góðum starfskjörum. Þetta hefur því miður reynst þungur róður fyrir samninganefndir og starfsfólk félagsins. Eða eins og ég minntist á í nýárskveðju til félagsmanna; það hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir úrbótum á þeim vafasama heiðri fyrir íslenskt samfélag að hér sé minnstur munur í Evrópu á ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra og ófaglærðra.

Á starfsárinu áttum við virkt samtal við formenn BHM, Læknafélagsins og Hjúkrunarfræðingafélagsins. Í október sl., tókum við saman höndum og skrifuðum grein sem birtist á visi.is þar sem við minntum á stöðu háskólamenntaðra á Íslandi. Greinin hefst á þessum orðum: „Staðan í kjaraviðræðum og lítil skilningur á stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði veldur áhyggjum. Ekki einungis gagnvart einstaklingum sem hafa þurft að þola

umtalsverða kjararýrnun heldur er framtíð og menntunarstig þjóðarinnar í húfi. – Það er kjarni málsins.“

Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka samninganefndum félagsins sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf við krefjandi aðstæður.

Einn af hápunktum starfsársins var frumsýning heimildarmyndarinnar Trúin á tæknina. - Svipmyndir úr sögu verkfræði og tækni framfara á Íslandi. Myndin var frumsýnd 17. október 2024 fyrir fullu húsi í Bíó Paradís og hlaut frábærar viðtökur. Til umfjöllunar eru jafnfjölbreytt viðfangsefni og vegagerð, virkjanir, hafna- og vitagerð, byggingarframkvæmdir, hitaveita, fjarskipti, íslenskur iðnaður, háhitaboranir, hugbúnaðargerð, rafeindatækni og margt fleira. Verkfræðingafélagið fagnaði síðan vorinu með því að afhenda íslensku samfélagi myndina. Þar með fékk skólakerfið frjálst afnot af myndinni sem einnig verður sýnd á RÚV síðar á þessu ári, 2025.

Ráðstefna um risaverkefni og mikilvægi vandaðrar verkefnastjórnýslu, sem haldin var 10. febrúar sl., var afar vel sótt. Þar náðist sá merki áfangi að undirrituð var viljayfirlýsing félagsins og fjármálaráðuneytis um undirbúning samráðsvettvangs vegna opinberra fjárfestinga og framkvæmda.

Dagur verkfræðinnar var haldinn 28. mars sl. og við það tækifæri var Teningurinn afhentur. Að þessu sinni voru það SORPA og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem hlutu viðurkenninguna fyrir samræmt flokkunarkerfi úrgangs sem innleitt var á öllu höfuðborgarsvæðinu árið 2024.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar var haldinn í sjötta sinn og var vel sóttur. Viðburðurinn var sem fyrr í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Í þessu sambandi má nefna að VFÍ styrkti eins og áður Legókeppni grunnskólanna, sumarnámsbúðir í stærðfræði fyrir stelpur og önnur smærri verkefni til að efla áhuga yngri kynslóðarinnar á vísindum og tækni.

Verkfræðingafélagið hefur tekið virkan þátt í umræðu um stöðu menntakerfisins. Sjálf hef ég ritað greinar um það efni og tekið þátt í ráðstefnum og fundum. VFÍ hélt ráðstefnuna: Sátt um betra menntakerfi, sem var mjög vel sótt og kom þar margt athyglisvert fram. Markmiðið var að greina stöðuna í menntakerfinu og hvaða leiðir eru færar til úrbóta. Sérstök áhersla var á stöðu raungreina.

Verkfræðingafélagið hefur þá sérstöðu að félagsgjaldið er lágt, föst fjárhæð en

ekki prósentu af launum. Félagið hefur því ekki tekið til sín sjálfkrafa hækkunar á félagsgjaldi vegna hækkunar launa, eins og önnur stéttarfélög hafa gert.

Mikil ábyrgð felst í því að reka sjúkra- og styrktarsjóði félagsins þannig að þeir geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Ársskýrslur sjóðanna sýna að það hefur tekist og staða sjóða VFÍ er sterk. Á síðustu misserum hefur framboð af námskeiðum og samlokufundum sem er ætlað að efla félagsmenn í lífi og starfi verið aukið. Þetta teljum við afar mikilvægt þegar við stöndum frammi fyrir því að kulnun og svokallað „lífspreytuástand“ verður meira íþyngjandi fyrir sjúkrasjóði félagsins ár frá ári.

Stjórn félagsins boðaði til tveggja samráðsfunda með baklandi félagsins á starfsárinu. Sem fyrr voru þessir fundir afar gagnlegir og ánægjulegir. Til samráðsfundanna eru boðaðir allir þeir félagsmenn sem með einhverjum hætti starfa fyrir félagið. Samráðsfundunum er ætlað að stuðla að góðu og gagnvirku upplýsingastreymi, bæta yfirsýn og samhug, og vera til ráðgjafar og stuðnings við stjórn.

Hér hefur einungis verið nefndur hluti þeirra fjölmörgu verkefna sem Verkfræðingafélagið vinnur að. Eftir að hafa gegnt embætti formanns félagsins í sex ár hefur mér orðið æ betur ljóst hversu mikilvægu hlutverki félagið hefur að gegna en það er stærsta og öflugasta fag- og stéttarfélag tæknimenntaðra á Íslandi.

Við höfum margsinnis bent á að það er alvarlegt vandamál að stjórnmalamenn skortir skilning á mikilvægi djúprar fagþekkingar og mörg þeirra vandamála sem við blasa í innviðum og orkugeiranum hér á landi má einmitt rekja til þessarar staðreyndar.

Það hefur verið mikill heiður að gegna embætti formanns Verkfræðingafélagsins síðastliðin sex ár. Jafnvel þótt tvö þessara ára hafi verið COVID-ár með tilheyrandi takmörkunum, tel ég að vel hafi gengið að reka félagið og þjóna félagsmönnum. Árangur hefur náðst í að skapa skilning á eðli og mikilvægi verkfræðimenntunar og ég hef fyrir hönd félagsins haft tækifæri til að ræða m.a. um nauðsyn byggingarrannsókna, mygluvandamál í byggingum, mikilvægi raungreinamenntunar, kjaramál og verkefnastjórnýslu í risaverkefnum. Þá hafa ánægjukannanir sýnt mikla og vaxandi ánægju félagsmanna með starfsemi félagsins. Samstarfið í stjórn, við

starfsfólk og við félagsmenn hefur gengið einstaklega vel.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim sem hafa starfað í stjórnun og nefndum félagsins fyrir afar gott og gefandi samstarf. Einnig þakka ég þeim sem hafa lagt félaginu lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir,
formaður Verkfræðingafélags Íslands.*

Menntamálanefnd VFÍ

Skipan MVFÍ starfsárið 2024-2025:

Steindór Guðmundsson, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Björn Karlsson
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnisdóttir
Jens Arnljótsson
Jóhannes Benediktsson
Ólafur Pétur Pálsson
Þórður Helgason

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem lítill eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldir tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem einfalt er að afgreiða safnist síður upp. Þetta eykur skilvirkni í afgreiðslu umsókna.

Hins vegar er öll nefndin boðuð á fundi á um það bil á tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru fjórir en embættismannafundir voru sex talsins. Þessir fundir eru haldnir í Verkfræðingahúsi.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms og ungfélagaaðild er gjaldfrjálst.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk formlegra umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitin, bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið meistaranám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum

tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Umsagnir VFÍ sem stéttarfélags vegna umsókna um atvinnuleyfi

Undanfarin ár hafa aukist fyrirspurnir til VFÍ vegna umsókna einstaklinga utan EES svæðisins um atvinnuleyfi sem sótt er um hjá Vinnumálastofnun. Þá þarf umsögn frá viðkomandi stéttarfélagi, sem er VFÍ ef umsækjandi er að sækja um starf sem verkfræðingur, tæknifræðingur eða með BS-próf í verkfræði. Menntamálanefnd hefur skoðað þessar umsóknir og metið fyrir hönd VFÍ.

Samskipti við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar til 21. des 2024 og ráðuneyti menningar-, nýsköpunar- og háskólamála frá 21. des 2024

Málefni MVFÍ heyrðu undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, þar sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir var ráðherra til 21. desember 2024. Frá 21. desember 2024 heyrna málefni MVFÍ undir



ráðuneyti menningar-, nýsköpunar- og háskólamála, þar sem Logi Már Einarsson er ráðherra. Samskiptin við ráðuneytisfólk voru í góðum farvegi eins og undanfarin ár, en þó var ekki var haldinn formlegur árlegur samráðsfundur, sem oft hefur verið haldinn.

Samskipti við Háskólann í Reykjavík

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi um verkfræðinám og tæknifræðinám við HR. Slíkur fundur var síðast haldinn í mars 2025, þar sem sérstaklega var fjallað um nám í hugbúnaðarverkfræði við HR. Breytingar hafa verið gerðar á samsetningu BSc -námsins með því að fækka undirstöðugreinum. Þetta hefur valdið MVFÍ vandræðum við mat á námi þeirra sem sækja um starfsheitið verkfræðingur og um inngöngu í VFÍ. Það er afleitt ef skólinn kallar námsbraut hugbúnaðarverkfræði en uppfyllir þó ekki kröfur VFÍ og ráðuneytisins um samsetningu námsins. Þetta er auðvitað sérstaklega bagalegt fyrir þá námsmenn sem velja þessa námsbraut og stunda námið í góðri trú, en fá svo ekki að nota

starfsheitið verkfræðingur og fá ekki aðild að VFÍ. Fundurinn var á góðum og uppbyggilegum nótum og vonast er til að að lausn finnist á næstu vikum.

Í maímánuði var uppskeruhátíð í HR „Verkin tala“ þar sem meistaranemar í verkfræði kynntu á veggspjöldum lokaverkefni sín. VFÍ veitti viðurkenningar fyrir tvö lokaverkefni. Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ tók þátt í að velja bestu kynningarveggspjöldin með lýsingu á verkefnunum, ásamt fulltrúa frá HR og Páll Á. Jónsson, varaformaður VFÍ flutti ávarp.

Í júnímánuði veitti VFÍ svo viðurkenningar fyrir lokaverkefni í tæknifræði við HR. Jóhannes Benediktsson og Arnlaugur Guðmundsson nefndarmenn í MVFÍ fluttu ávörp og veittu viðurkenningar.

Samskipti við Verkfræðideild HÍ

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi með Verkfræðideild HÍ um verkfræðinámið en ekki náðist að halda slíkan fund á starfsárinu. Stefnt er að slíkum fundi sem fyrst, m.a. til að fjalla sérstaklega um nám í lífverkfræði

við HÍ. Uppbygging námsins veldur MVFÍ vandræðum við mat á námi þeirra sem sækja um starfsheitið verkfræðingur. Það er afleitt ef skólinn skilgreinir verkfræðinám sem uppfyllir ekki kröfur VFÍ og ráðuneytisins um samsetningu námsins.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ var haldinn 16. maí, þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín í verkfræði. Að loknum kynningum veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar. Formaður MVFÍ tók þátt í að meta kynningarveggspjöld með lýsingu á verkefnunum, ásamt fulltrúa frá HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ flutti ávarp.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Útgáfumál

Útgáfumál

Á síðustu árum hefur verið unnið að skráningu Icelandic Journal of Engineering (Verktækni – tímarit VFÍ) í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Í maímánuði 2024 barst svar þess efnis að skráningu væri hafnað. - Þó þannig að VFÍ getur sótt um aftur ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Þau eru að auka fjölda greina/tilvitnana og ná meiri alþjóðlegri skírskotun. Það má því segja að VFÍ tekist að uppfylla öll skilyrði varðandi ramma útgáfunnar en nú hvíli ábyrgðin á háskólasamfélaginu að birta greinar í tímaritinu, þ.e.a.s. ef vilji er til þess að útgáfa í þessum gæðaflokki á sviði verkfræðitengdra greina sé hér á landi.

Útgáfa IJE er að öllu leyti rafræn á vefnum ije.is. Frá árinu 2020 hafa fræðigreinar verið birtar á vef tímaritsins jafnóðum og þær eru tilbúna til birtingar. Aðgangur er opin (e. Green Open Access). Höfundar greiða ekki fyrir innsendingu á handriti né birtingu greina. Greinar sem óskað er eftir að birtist á yfirstandandi ári þurfa að berast ritstjórnarfulltrúa fyrir lok septembermánaðar. Tímaritið er með vefsvæði annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku.

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Bessason, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Verktækni tímarit Verkfræðingafélags Íslands kom fyrst út í september 2013. Í tímaritinu voru birtar ritrýndar greinar og almennar tækni- og vísindagreinar auk annars efnis. Í árslok 2019 varð sú breyting á útgáfunni að áherslan er fyrst og fremst á útgáfu ritrýndra fræðigreina. Á ije.is má nálgast allar greinar sem birst hafa frá 2013. Hvað eldri greinar varðar þá er í gildi er samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnumum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is – Nýr vefur í vinnslu

Vinna við nýjan vef VFÍ hélt áfram. Það verkefni hefur tafist af ýmsum ástæðum, m.a. af því að ákveðið var að stækka

verkefnið. „Mínar síður“ verða í raun endurhannaðar og sett verður upp „rafrænt félagatal“ þar sem skráning verður valkvæð. Þar geta félagsmenn sett inn upplýsingar um meðal annars áhugasvið og fagþekkingu og þannig styrkt tengslanet sitt.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: facebook.com/vfi.1912. Félagið er einnig á Instagram, verkfrædingafelag og LinkedIn.

Umsagnir og greinar í fjölmiðlum

VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Að auki leita ýmsir aðilar eftir áliti félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild. Á starfsárinu, þ.e. frá maí 2024 fram að aðalfundi í lok apríl 2025 birtust eftirfarandi umsagnir og blaðagreinar: Hin hljóða millistétt. Grein eftir Bjarka Ómarsson verkfræðing sem á sæti í stjórn Kjaradeildar VFÍ. (Dags. 13. júní 2024). Óheillaþróun á vinnumarkaði. Grein eftir Gunnar Sigvaldason formann Kjaradeildar VFÍ og Árna B. Björnsson framkvæmdastjóra VFÍ. (Dags. 15. ágúst 2024).

Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftast ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrír fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Í Siðanefnd VFÍ eru:

Kristinn Andersen, Guðmundur Þorbjörnsson og Sunna Björg Reynisdóttir.

Engin mál bárust nefndinni á síðasta starfsári.

Hvers virði er tæknimenntun? Grein eftir Svönu Helen Björnsdóttur formann VFÍ. (Dags. 22. ágúst 2024).

Hnignun menntakerfisins og rétturinn til að fullnýta hæfileika sína. Grein eftir Svönu Helen Björnsdóttur formann VFÍ. (Dags. 30. ágúst 2024).

Umsögn um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. (Dags. 24. september 2024)

Ákall um kjark- Staða háskólamenntaðra.

Grein eftir Svönu Helen Björnsdóttur formann VFÍ, Guðbjörgu Pálsdóttur formann Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kolbrúnu Halldórsdóttur formann BHM-Bandalags háskólamanna og Steinunni Þórðardóttur, formann Læknafélags Íslands. (Dags. 29. október 2024).

Áhrif gervigreindar á störf tæknimenntaðra. Grein eftir Svönu Helen Björnsdóttur formann VFÍ. (Dags. 4. mars 2025)

Umsagnir VFÍ og blaðagreinar eru birtar á vef félagsins.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn aftast í ársskýrslunni er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Stefnan er að allir fundir séu í beinu streymi eða fjarfundir á Teams eða Zoom.

Hægt er að nálgast upptökur á „Sjónvarp VFÍ“ sem er rás á Vimeo og er hlekkur á forsiðu vfi.is

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn 28. mars 2025 á Hilton Reykjavík Nordica. Mæting á staðinn var mjög góð og einnig fylgdust fjölmargir með dagskránni í streymi. Aðsókn á Dag verkfræðinnar hefur frá upphafi verið einstaklega góð. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

Teningurinn

SORPA og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hlutu Teninginn fyrir samræmt flokkunarkerfi úrgangs. Teningurinn er afhentur á Degi verkfræðinnar ár hvert og er viðurkenning Verkfræðingafélagsins fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd. Markmiðið með Teningnum er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að.

Verðlaunagripurinn hefur vakið verðskuldaða athygli. Hönnuðir eru Narfi Þorsteinsson og Adrian Rodrigues. Þeir félagarnir gerðu einnig kynningarmyndband um Teninginn sem hefur ekki síður vakið athygli en verðlaunagripurinn sjálfur. Hægt er að horfa á myndbandið á vef VFÍ og á Youtube.

Ný heimildamynd

Trúin á tæknina

Í tilefni af 110 ára afmæli VFÍ árið 2022 var ákveðið að ráðast í gerð heimildamyndarinnar: Trúin á tæknina. - Svipmyndir úr sögu verkfræði og tækni framfara á Íslandi. Myndin var frumsýnd 17. október 2024 fyrir fullu húsi í Bíó Paradís og hlaut frábærar viðtökur. Höfundar eru Adrian Rodrigues og Einar Kári Jóhannsson. Ingi Kristján Sigurmarsson klippti og gerði hreyfigrafík, Guðlaugur Hörðdal samdi tónlistina og gerði hljóðmynd, sögumaður er Svandís Dóra Einarsdóttir og Egill Viðarsson tók upp og vann innalestur. Til umfjöllunar eru jafnfjölbreytt viðfangsefni og vegagerð, virkjanir, hafna- og vitagerð, byggingaframkvæmdir, hitaveita, íslenskur iðnaður, háhitaboranir, hugbúnaðargerð, rafeindatækni og margt fleira.

Verkfræðingafélag Íslands fagnaði síðan vorinu með því að afhenda íslensku samfélagi myndina. Þar með fékk skólakerfið frjálst afnot af myndinni sem einnig verður sýnd á RÚV síðar á þessu ári, 2025.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar 2024 var haldinn í sjötta sinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, sunnudaginn 25. ágúst. Sem fyrr var viðburðurinn vel sóttur. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands og að þessu sinni mætti Sprengju-Kata á svæðið.

Rýniferðir

Rýniferðin 2024 var til Ístanbul í Tyrklandi dagana 27. september til 6. október. Rýniferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998 og hafa notið mikilla vinsælda. Næsta ferð verður til Japan dagana 28./29. ágúst - 13./14. september.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði og tæknifræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í náminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra, einnig Hönnunarkeppni HÍ sem er á vegum Vélarinnar, nemendafélags vélaverkfræðinema. Í desember 2024 var skrifað undir samstarfssamning við Pragma nemendafélag iðn-, tækni- og verkfræðinema í HR. Markmiðið er að efla samstarfið, meðal annars með því að kynna starfsemi VFÍ og veita nemendum fræðslu og stuðning. Stefnt er að því að fjölga ungfélögum í VFÍ og kynna fyrir



nemendum hvað felst í aðild að VFÍ. Á komandi starfsári verður unnið að því að gera sambærilegan samning við nemendafélög HÍ.

Á vormánuðum er ráðgert að halda kynningu fyrir nema sem eru um það bil að ljúka BS- eða MS gráðu í verkfræði eða tæknifræði. Ráðgjafar hjá Hagvangi flytja fyrirlestur um vinnumarkaðinn, ráðningarsamninga og ferilskrár og svara spurningum.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir.

Félagsskírteini

VFÍ er með samning við Íslandskortið vegna útgáfu á félagsskírteini. Marvislegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á islandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega. Félagsskírteinið er rafrænt og eru leiðbeiningar um hvernig nálgast má kortið á vef VFÍ.

Heiðursmerki VFÍ - Nýr heiðursfélagi

Í október 2024 var Pétur Stefánsson byggingarverkfræðingur útnefndur heiðursfélagi Verkfræðingafélags Íslands sem er æðsta viðurkenning félagsins. Við sama tækifæri voru Inga Hersteinsdóttir byggingaverkfræðingur og Sigurður Briem raforkuverkfræðingur sæmd heiðursmerki félagsins. Á myndinni hér fyrir neðan eru f.v. Pétur Stefánsson, Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ, Inga Hersteinsdóttir og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ.



Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í lok árs 2024 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 5.888. Konur voru 23% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu á sviði kjaramála.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við háskólana. Slíkt samstarf er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

Í gegnum tíðina hefur VFÍ veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda. Á árinu 2024 voru veittar viðurkenningar á uppskeruhátíðinni Verkin tala í HR þar sem meistaranemar kynna niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum.

Á Meistaradegi Verkfræðistofnunar HÍ veitti VFÍ meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður í starfsemi félagsins. Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri til að ræða ýmislegt sem varðar námið og

hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ (MVFI) eru í reglulegum samskiptum við háskólana. Reglulega er farið yfir reglur sem gilda um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur og störf Menntamálanefndar VFÍ.

Samstarf við Vísindasmiðju HÍ.

Verkfræðingafélag Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands hafa undanfarin ár unnið sameiginlega að því markmiði að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun og efla jafnframt kennara á því sviði. Formlegt samstarf Vísindasmiðjunnar og Verkfræðingafélagsins hófst haustið 2018 og hefur meðal annars stuðlað að gerð fræðsluefnis fyrir kennara og nemendur um forritun, fræðsluverkefni fyrir grunnskóla um lausnir tengdar orkunotkun auk tilraunaverkefnis á vettvangi félagsmiðstöðva um undirstöðuatriði rafmagns.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í árlegum Fjölskyldudegi verkfræðinnar sem haldinn er í ágúst ár hvert, en undanfarin ár hefur fjöldi fólks lagt leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og kynnst af eigin raun tækjum, tólum og tilraunum Vísindasmiðjunnar.

Félagið hefur um árabíl styrkt FLL Legókeppni grunnskólanna, verkefni sem eflir og reynir á margsvíslega hæfni í nýsköpun, forritun, hönnun og skapandi lausnir. Unnið hefur verið að því að stækka verkefnið til þess að gefa fleiri skólum um land allt kost á þátttöku.

Endurmenntun- samstarf við EHÍ og Hagvang

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðursstarfsaðili. Endurmenntun HÍ hefur boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.

Í gildi er samstarfssamningur við Hagvang sem hefur séð um námskeið í launaviðtölum og einnig verið með önnur námskeið og fyrirlestra hjá VFÍ. Hagvangur hefur einnig aðstoðað félagsmenn í atvinnuleit.

ÍSHLJÓÐ

Íslenska hljóðvistarfélagið var stofnað árið 2006 og tilgangur félagsins er að tengja saman fólk sem vinnur við hljóðhönnun og hljóðvist á Íslandi. Félagið starfar sem faghópur innan Verkfræðingafélags Íslands.


Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tæknifræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2013 - 2025



á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýlegum verkefnum má til dæmis nefna verkefni á sviði gervigreindar, sjálfbærni, fjölbreytileika, hæfnipróunar og upplýsingagjöf um mikilvægi rannsókna og nýsköpunar og sveigjanlegt vinnuumhverfi. Þá hefur ANE sett aukinn slagkraft í að hafa áhrif á stefnumótun ESB meðal annars varðandi tæknimenntun, svokallaðar STEM-greinar, og á sviði gervigreindar.

Á vef ANE, www.nordicengineers.org og á Twitter og LinkedIn eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna. Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund.

Á ársfundum NORDING bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöndunum taki þátt í því starfi. Vonir standa til að sú breyting verði að veruleika á haustmánuðum 2025.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélag), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem

af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd ENGINEERS EUROPE (áður FEANI)

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Frá upphafi var nafn samtakanna skammstafað FEANI en 1. janúar 2023 breyttist nafnið í Engineers Europe. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd Engineers Europe starfar á vegum VFÍ. Steindór Guðmundsson er formaður Menntamálanefndar VFÍ og jafnframt formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Aðalfundir Engineers Europe eru haldnir tvisvar sinnum á ári. Haustfundurinn er Teams fundur, haldinn í fyrstu viku október en vorfundurinn er haldinn í raunheimum í maí eða júní. Sá fundur er haldinn í einhverju aðildarlandanna sem nú eru 33 talsins. Auk þess eru þrjú lönd til viðbótar með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar).

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir Engineers Europe sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna í Evrópu. Þess

vegna meðal annars var talið mikilvægt að breyta nafni samtakanna þannig að það lýsi betur starfseminni. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundi Engineers Europe. Vorfundurinn 2024 var haldinn í Dublin Írlandi og hann sóttu þau Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ sem situr í stjórn Engineers Europe og Steindór Guðmundsson formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Nánari upplýsingar um Engineers Europe má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.engineerseurope.com/>

Aðalfundur Engineers Europe 2024

Í tengslum við aðalfundina eru fundir landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“.

Á fundum NMF er m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða-hópa NMF, sem eru Engineers Europe North, Engineers Europe South og Engineers Europe Central, þar sem Ísland tilheyrir Norðurhópnum.

Einnig er fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan Engineers Europe, sem eru: a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b) Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe).

Engineers Europe North heldur tvo fundi á ári og er annar þeirra fjarfundur. Fjarfundurinn var haldinn í apríl og

tóku þrír fulltrúar VFÍ þátt í honum. Í september 2024 var síðan raunheimafundur hópsins Engineers Europe North haldinn í Tallinn Eistlandi. Fundinn sóttu tíu fulltrúar þessara norðlægu landa, þar af þrír sem einnig sitja í stjórn Engineers Europe. Auk þess var forseti Engineers Europe á fundinum og annar stjórnarmaður að auki.

Fulltrúar Íslands voru þau Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ sem situr í stjórn Engineers Europe og Steindór Guðmundsson formaður Íslandsnefndar Engineers Europe. Tveir gestir á vegum eistneska verkfræðingafélagsins komu einnig á fundinn og voru með erindi.

*F.h. Íslandsnefndar ENGINEERS EUROPE
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við

teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarafgangur ársins tæpum 130,1 mkr. en rekstrartekjur námu rúmum 371,9 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 899,5 mkr. en heildarskuldir rúmum 101,2 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 798,2 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru rúmum 798,2 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess hinn 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

Reykjavík, 15. apríl 2025.

Kristinn Gestsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 15. apríl 2025.

Kristjana Kjartansdóttir,
Eysteinn Einarsson.

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2024

Rekstrarreikningur

	2024	2023
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	194.712	182.042
Félagsgjöld SFB og ST	53.247	45.681
Umsýslugjöld	123.976	107.902
Rekstrartekjur alls	371.935	335.625
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	111.964	102.375
Húsnæðiskostnaður	22.282	22.859
Aðkeypt þjónusta	5.502	6.302
Þjónustusamningar	3.545	3.252
Skrifstofukostnaður	16.362	14.980
Stjórnarlaun-samninganefndir	5.432	4.410
Rekstrargjöld alls	165.087	154.178
Rekstrarafgangur af aðalstarfsemi	206.848	181.447
<i>Önnur útgjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	10.604	7.482
Félagakerfi, vél- og hugbúnaðaur	7.316	7.822
Húsbúnaður	500	573
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	15.212	12.559
Innlent og erlent samstarf	15.523	15.105
Kjarakannanir og námskeið	5.254	10.736
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	36.310	31.102
Önnur verkefni	29.677	12.326
	120.396	97.705
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	86.452	83.742
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	57.856	39.994
Fjármagnstekjuskattur	-13.121	-8.799
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-1.100	-383
	43.635	30.812
Tekjur umfram gjöld á árinu	130.087	114.554

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2024

	2024	2023		2024	2023
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	798.232	667.390
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	62.593	46.488	Skammtímaskuldir	101.243	33.119
Handbært fé:	836.882	654.021			
Samtals eignir	899.475	700.509	Samtals skuldir og eigið fé	899.475	700.509

Ársreikningur Verkfræðingahúss ses 2024

Verkfræðingahús ses

Sjálfseignarstofnunin Verkfræðingahús var lögð niður í febrúar 2025. Húseignin Engjateigur 9 rann á sama tíma til Verkfræðingafélags Íslands. Unnið er að stofnun Menntasjóðs VFÍ en gert er ráð fyrir að hluti af rekstrarafgangi hússins renni í sjóðinn.

Í byrjun árs 2025 tók ÍSTAK vesturhluta 1. hæðar á leigu og eru nú öll rými í útleigu utan einnar skrifstofu á 2. hæð sem VFÍ mun hugsanlega nýta fyrir starfsemi sína.

Endurbótum á anddyri og stigahúsi fer senn að ljúka en þær hafa gengið afar hægt.

Rekstrarafkoma ársins 2024 var góð, rekstrarafgangur um 13,4 m.kr.

Handbært fé var um 81,3 m.kr. áramótin 2024-2025.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Húsaleiga	43.240	38.713
Tjónabætur	0	333
Rekstrartekjur alls	43.240	39.046
Rekstrargjöld		
Rekstur fasteignar	22.183	10.111
Umsýslugjald	2.494	2.141
Annar kostnaður	548	513
	25.225	12.765
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	18.015	26.281
Fyrningar	-9.095	-8.751
Fyrningar alls	-9.095	-8.751
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	8.920	17.530
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	4.475	3.253
Tekjur umfram (gjöld)	13.395	20.783

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2024

	2024	2023		2024	2023
Eignir			Skuldir og eigið fé		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	571.289	549.629	Óráðstafað eigið fé	641.319	606.265
			Fyrningarsjóður fasteignar	10.318	1.222
Fastfjármunir alls	571.289	549.629	Eigið fé alls	651.637	607.487
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skuldunautar	72	0	Skammtímaskuldir	1.034	2.866
Handbært fé	81.310	60.724	Skuldir alls	1.034	2.866
Veltufjármunir alls	81.382	60.724			
Samtals eignir	652.671	610.353	Samtals skuldir og eigið fé	652.671	610.353

Ársskýrsla KVFÍ 2024

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Gunnar Sigvaldason, formaður
Ásdís Sigurðardóttir
Bjarki Ómarsson
Eypór Helgi Úlfarsson
Halldór Zoëga

Varamenn í stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Una Guðrún Gautadóttir
Kristjana Ósk Birgisdóttir
Tveir starfsmenn eru í fullu starfi sem sérfræðingar á sviði kjaramála. Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Dagrún Hjartardóttir.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt tíu fundi á starfsárinu og voru kjaraviðræður

fyrirferðarmestar en alls voru sex samningar lausir á árinu og öfug launaþróun háskólastétta í landinu mikið áhyggjuefni. Mörg mál voru tekin til umfjöllunar er t.d. vörðuðu samstarf við önnur háskólafélög, mikilvægi greinaskrifa í kjarabaráttu, sagt frá samráðsfundum samninganefnda og félagsfundum á vinnustöðum en þar voru raddir félagsmanna háværar um að stofnaður yrði vinnudeilusjóður. Einnig komu til umfjöllunar úrlausnir einstaklingsmála, uppsagnir, gerð stofnanasamninga og kjarakönnun svo fátt eitt sé nefnt.

Ár kjaradeilna

Sem fyrr segir voru sex kjarasamningar lausir frá 31. mars 2024. Samninganefndir VFÍ hafa átt í kjaraviðræðum við Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, ríki, Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV), Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK. Enn er ósamið við FRV og Reykjavíkurborg (10. apríl 2025), en félagsmenn sem starfa hjá Reykjavíkurborg felldu undirritaðan kjarasamning í atkvæðagreiðslu. Þá er kjarasamningur VFÍ við Samtök atvinnulífsins (SA) í endurskoðun en sá samningur er ótímabundinn réttindasamningur.

Það má kjarna deiluna við alla viðsemjendur á þann hátt að verkfræðingar og tæknifræðingar fella sig ekki við að vera boðin 3,25% launahækkun í 6% verðbólgu eins og hún var þegar samningaviðræður hófust. Þó að verðbólgan hafi farið lækkandi undanfarið er hún ekki enn komin undir þær hlutfallshækkanir sem í boði eru við kjarasamningsborðið og verður það væntanlega ekki út samningstímabilið ef marka má nýjar spár. Það eru bág býtti.

Samninganefndir félagsins hafa hist reglulega og borið saman bækur sínar. Einnig hafa þær fengið fræðslu úr ýmsum áttum, til dæmis frá fulltrúa í kjaratöflfræðinefnd; Oddi Jakobssyni og Önnu Betu Gísladóttur sérfræðingi í jafnlaunavottun. Það er ljóst að launagreiðendur eru margir hverjir á villigötum með hvernig þeir nota jafnlaunavottun sem ástæðu í launaviðtölum fyrir því að ekki sé hægt að hækka laun. Þá vakti athygli skýrsla Sigurðar Jóhannessonar frá hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um öfuga launapróun háskólafélags og þá sérstaklega launapróun verkfræðinga frá aldamótum. Um er að ræða 5-8% kaupmáttarrýrnun á tímabilinu.

Mikil óánægja hefur verið með gang mála við samningaborðið og samninganefndir sammála um að samningaviðræður séu ekki réttnefni. Samninganefndum er afhentur fjögurra ára samningur sambærilegur þeim sem aðildarfélög ASÍ gerðu í upphafi árs 2024. Innihald slíks samnings þýðir að enn minnkar bilið á milli ófaglærðra og háskólamenntaðra. Verkfræðingafélagið hafði enga aðkomu að þeim kjarasamningum heldur fóru þær samningaviðræður fram á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Stéttarfélaga innan vébanda Alþýðusambands Íslands og BSRB á almennum vinnumarkaði hins vegar. Engar tillögur samninganefnda hafa fengið undirtektir, hvorki á almenna markaðnum eða hinum opinbera. Eingöngu áður nefndur samningur óskyldra stéttarfélaga hefur verið í boði.

Vinnustaðafundir um kjaramál – kynningar á kjarasamningum

Samninganefndir hafa haldið vinnustaðafundi til að upplýsa félagsmenn um gang kjaraviðræðnanna og til að kanna umboð nefndanna til að halda áfram baráttunni fyrir bættum kjörum eða hvort frekar eigi að skrifa undir. Í öllum tilfellum vildu félagsmenn að reynt yrði

að halda áfram. Einhvern tímann verður þó að setja punkt aftan við árangurslausar kjaraviðræður og voru allir samningar, að FRV samningi undanskildum, bornir undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu. Samningurinn við Reykjavíkurborg var felldur en aðrir voru samþykktir með naumum meirihluta. Samninganefnd VFÍ við FRV gekk út af fundi 12. desember 2024 þegar viðsemjandinn mætti tómhentur að samningaborðinu einu sinni enn. Beðið er eftir að samninganefnd FRV komi með nýtt tilboð. Þegar þetta er skrifað eru liðnir fjórir mánuðir frá síðasta fundi.

Námskeið

Ýmis námskeið voru haldin á starfsárinu, bæði staðbundin og með fjarfundabúnaði. Námskeið um launaviðtöl voru sem fyrr vel sótt, fyrirlesari er Geirlaug Jóhannsdóttir frá Hagvangi en í gildi er samstarfssamningur milli VFÍ og Hagvangs.

Mikil ánægja var með námskeiðið um Styrkleika í lífi og starfi og var biðlisti á það námskeið. Kennari var Guðrún Snorradóttir, stjórnendapjálf. Hún var einnig með þrjá fyrirlestra á samlokufundum, Brúum bilið milli kynslóða, kynning á námskeiði um Styrkleika í lífi og starfi, og Seiglu en síðasti fyrirlesturinn var mjög vel sóttur.

Haldið var sérstakt námskeið fyrir trúnaðarmenn. Sérstakur gestur var Hugrún Vignisdóttir og fjallaði um „Að halda í gleðina í hlutverki trúnaðarmanns.“

Kynning á niðurstöðum kjarakönnunar

Í september 2024 voru kynntar niðurstöður kjarakönnunar VFÍ sem gerð var á vormánuðum 2024 og sem fyrr spurt um febrúarlaun. Gestur fundarins var Ævar Þórólfsson verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ. Fundurinn var í beinu streymi og tekinn upp.

Unnið hefur verið að því að greina sem best kaup og kjör félagsmanna. VFÍ fól Hagfræðistofnun HÍ að greina launapróun verkfræðinga og tæknifræðinga frá árinu 2000. Skýrslan Kjör verkfræðinga og tæknifræðinga 2000-2023 var birt 2023 og á árinu 2024 var unnið að því að uppfæra skýrsluna. Jafnframt hafa verið nýttar upplýsingar úr félagakerfinu til að fá sem skýrasta mynd af stöðu mála en eðli máls samkvæmt er slík úttekt nokkuð vandasöm og flókin.

Starfsemin á skrifstofu VFÍ

Stærsti hluti af daglegri vinnu starfsmanna á sviði kjaramála hefur farið í að

undirbúa og sitja samningafundi, auk samráðsfunda með samninganefndum VFÍ, trúnaðarmönnum og samninganefndum annarra háskólahópa.

Annars felst stór hluti af daglegri vinnu starfsmanna kjaradeildar í því að svara fyrirspurnum einstaklinga, innlendra sem erlendra, sem leita til félagsins með margvísleg mál. Sem dæmi má nefna ráðgjöf vegna starfslokasamninga, uppsagna, ráðningarsamninga og túlkunar ákvæða í þeim, veita svör við fyrirspurnum launafulltrúa og samskipti við trúnaðarmenn félagsins. Einnig fer fjölgandi óskum um aðstoð vegna starfs- og launaviðtala.

Töluverð hreyfing hefur verið á vinnumarkaði á árinu, ef marka má fjölda ráðningarsamninga sem starfsmenn VFÍ hafa fengið til yfirlestrar á síðastliðnu ári.

Nokkur dæmi um hópuppsagnir og fyrirtæki sem fara í þrot hafa komið á borð VFÍ í ár en í slíkum tilfellum veitir skrifstofan sérstaka þjónustu og leiðbeiningar. Lögfræðingur félagsins kemur einnig oft að þeim málum.

Einnig hafa komið inn á borð VFÍ álitamál vegna veikindaréttar, ávinnslu orlofs og uppsagna í fæðingarorlofi, uppsagnar trúnaðarmanna, mistúlkunar á bakvaktasamningum ásamt útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

Stórfelld aukning er í aðstoð við erlenda félagsmenn sem starfa á íslenskum vinnumarkaði. Aðstoðin er margvísleg, yfirlestur ráðningarsamninga, samtöl við vinnuveitendur þar sem leiðréttingar á launaröðun félagsmannsins er krafist og hvert þeir geta leitað vegna almennra réttinda auk atvinnuleyfa.

Einnig hefur VFÍ þurft að hafa aukin afskipti af ráðningarsamningum sem er rift án fullnægjandi ástæðna en brögð eru að því að fyrirtæki reyni að koma sér undan þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stofnanasamningar

Gerð stofnanasamninga er reglulegur þáttur í starfsemi VFÍ, eftir atvikum í samstarfi við önnur háskólafélög. Gerður hefur verið stofnanasamningur við Land og skóg. Vinna við nýjan stofnanasamning við Veðurstofuna er langt á veg kominn og til stendur að gerður verði stofnanasamningur við Embætti landlæknis, Tryggingastofnun og Umhverfis- og orkustofnun. Einnig stendur til, með haustinu, að endurskoða stofnanasamning Skattsins.

Fyrirtækjasamningar

Kjarasamningur við Faxaflóahafnir var langt á veg kominn á starfsárinu en vonir standa til að þeim viðræðum ljúki fljótlega. Reglulega koma fram óskir frá félagsmönnum sem starfa hjá stærri fyrirtækjum um að gerður verði sérstakur fyrirtækjasamningur sem er sérsniðinn að þörfum háskólamenntaðra. Algengt er að vísað sé í kjarasamninga annarra stéttarféлага sem eiga ekki við starfssvið sérfræðinga. Heimildir fyrir þannig sérsamningi eru skýrar í kjarasamningum á almenna markaðnum.

Ánægjulegt og gott samstarf við háskólafélögin

VFÍ er í góðu samstarfi við kjarafélög háskólafélaganna. Mikið hefur verið um sameiginlega fundi þar sem kjaramál og núverandi kjarasamningsumhverfi hafa verið efst á baugi. Samninganefndum VFÍ var boðið á fund hjá Stéttarfélagi

lögfræðinga (SL), Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS). Þar gafst tækifæri til að ræða opinskátt um nýgerða kjarasamninga ófaglærðra og áhrif þeirra á háskólastéttir.

Lögfræðiaðstoð

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna. Það er ómetanlegt fyrir VFÍ að eiga gott samstarf við færustu lögfræðinga landsins á sviði vinnuréttar.

Mál vannst fyrir Félagsdómi í máli félagsmanns sem fékk uppsögn þrátt fyrir að gegna hlutverki trúnaðarmanns VFÍ. Verið er að vinna í öðru máli félagsmanns sem lenti í alvarlegum veikindum vegna myglu á vinnustað.

Trúnaðarmenn

Skrifstofa VFÍ heldur vel utan um skráningu og kosningu trúnaðarmanna, en mikil vinna hefur verið lögð í það að efla trúnaðarmenn og störf þeirra. Við gerð nýrra eða endurnýjaðra stofnanasamninga hefur félagið átt mjög gott samstarf við trúnaðarmenn félagsins hjá viðkomandi stofnunum.

Kjaradeild Byggingafræðingafélags Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga eru með þjónustusamning við VFÍ. Skrifstofa VFÍ veitir félagsmönnum þeirra ráðgjöf tengda kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga og stofnanasamninga fyrir þeirra hönd.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2024

Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2024-2025:

Hulda Guðmundsdóttir
Hermann Ólason
Bjarni Bentsson
Hreinn Ólafsson

Nýir stjórnarmenn:
Björg Vigfúsdóttir
Halldór Zoëga
Guðni Guðmundsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn

opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 991 þar af eru félagar í VFÍ 818 og aðrir 173 og fjölgaði um 4,7% milli ára.

Veittir voru 1276 styrkir sem er óbreyttur fjöldi milli ára.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 111,9 mkr og hækkuðu um 9,2% milli ára. Styrkir námu 110,2 mkr. Rekstrargjöld voru um 12,6 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 7,5 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2023 var 42,4 mkr.

Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af iðgjöldum var 98,4% 2024 en var 102,5% árið 2023. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.

Við lok starfsársins var einskiptisgreiðsla úr Vísindasjóði greidd. Upphæðin er 250 millj kr og bætir stöðu sjóðsins til framtíðar verulega. Á sama tíma er unnið að tryggingafræðilegri úttekt.

Framhald varð á átaki í skimun gegn ristilkrabbameini og áhættumat hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.


Rekstrarreikningur

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	111.915	102.522
Rekstrartekjur alls	111.915	102.522
Rekstrargjöld		
Styrkir og hóprannsókn	110.187	105.036
Umsýslukostnaður	11.191	10.252
Annar kostnaður	1.417	1.370
Rekstrargjöld alls	122.795	116.658
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	-10.880	-14.136
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.345	4.297
(Gjöld) umfram tekjur á árinu	-7.535	-9.839


Efnahagsreikningur pr. 31.12.2024

	2024	2023
Eignir		
Skammtímakröfur		
Handbært fé	74.066	68.378
	74.066	68.378
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	42.351	49.886
Skammtímaskuldir	31.715	18.492
	74.066	68.378


Sjóðfélagar
Styrktarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur
Styrktarsjóðs VFÍ



Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2024

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2024 til 2025:

Björgvin Áskelsson
Reynir Leví Guðmundsson
Kristín Arna Ingólfssdóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Agni Ásgeirsson
Margrét Elín Sigurðardóttir, hætti í lok árs 2024

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ. Á síðastliðnu ári voru veittir 6105 styrkir sem er 8,7% fjölgun frá árinu áður. Sjóðfélagar voru 3939 í árslok 2024 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru

félagar í VFÍ 2989 en aðrir 850. Sjóðfélögum fjölgaði því um 6,3% á árinu.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2024 námu 574,7 mkr. sem er 11,6% hækkun frá 2023. Styrkir námu rúmum 639,4 mkr og hækka um 34,7% milli ára. Rekstrargjöld voru 59,6 mkr. Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum 2024 voru 111,3% en 92,3% árið 2023. Fjáreignatekjur voru jákvæðar um 60,8 mkr 2024 samanborið við 29,5 mkr 2023. Tryggingafræðilegri úttækt á stöðu sjóðsins lýkur brátt en afkoma sjóðsins versnaði mikið á árinu 2024. Fyrirhugaðar skerðingar eru því aðkallandi.

Hóprannsóknnum var haldið áfram á árinu bæði hjá Hjartavernd og átaki í skimun á ristilkrabbameini.

Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0
2021	4119	21,7
2022	5058	22,8
2023	5614	11,0
2024	6105	8,7

Rekstrarreikningur


Rekstrartekjur	
Iðgjöld	574.678
Rekstrartekjur alls	574.678
Rekstrargjöld	
Styrkir og hóprannsókn	639.431
Umsýslukostnaður	57.469
Annar kostnaður	2.103
Rekstrargjöld alls	699.003
(Gjöld) umfram tekjur án fjármagnsliða	-124.325
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	60.835
(Gjöld) umfram tekjur	-63.490

2024	2023
574.678	514.675
574.678	514.675
639.431	474.798
57.469	51.468
2.103	2.201
699.003	528.467
-124.325	-13.792
60.835	29.478
-63.490	15.686


Efnahagsreikningur

	2024	2023
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	68.175	70.492
Verðbréf	572.348	529.519
Handbært fé	231.272	333.596
	871.795	933.607
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	841.819	905.308
Skammtímaskuldir	29.976	28.299
	871.795	933.607


Sjóðfélagar
Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Sjúkrasjóði VFÍ



Lykiltölur
Sjúkrasjóðs VFÍ



Skýrsla Vísindasjóðs 2024

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2024-2025 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Hertervig, VFÍ
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h.
Reykjavíkurborgar
Einar Mar Þórðarson, f.h.
fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.
Þess ber að geta að með kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn en þess í stað er greitt í Starfsþróunarsjóð og er uppgjóri réttinda sjóðfélaga hjá Reykjavíkurborg að ljúka.
Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.
Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.
Iðgjöld 2024 námu 202,9 mkr og iðgjöld í Starfsþróunarsjóð 9,3 mkr. Heildarupphæð styrkja var 84,7 mkr. sem er 5% lækkun frá árinu 2023.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2024 er eftirfarandi: 218 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 200 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 418 umsóknir sem er talsverð fækkun á milli ára.
Alls var greitt fyrir 909 einstaklinga til sjóðsins árið 2024. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 756 og aðrir 153. Sjóðfélögum fjölgaði því um 70 á milli ára.


Rekstrarreikningur

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	202.945	179.646
Iðgjöld starfsþróunarsjóðs	9.259	8.779
Rekstrartekjur alls	212.204	188.425
Rekstrargjöld		
Styrkir	84.672	88.907
Umsýslukostnaður	21.221	18.842
Annar kostnaður	1.305	1.203
Rekstrargjöld alls	107.198	108.952
Tekjur (gjöld) án fjármagnsliða	105.006	79.473
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	58.765	44.218
Tekjur umfram (gjöld)	163.771	123.691


Efnahagsreikningur

	2024	2023
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	23.108	23.342
Handbært fé	1.020.391	856.240
	1.043.499	879.582
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	1.042.012	878.242
Skammtímaskuldir	1.487	1.340
	1.043.499	879.582


Sjóðfélagar Vísindasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Vísindasjóði VFÍ



Lykiltölur Vísindasjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2024

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2024-2025 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður.
Heiða Njóla Guðbrandsdóttir.
Linda Rós Birgisdóttir.

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum.

Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Árið 2024 var því sjötta árið sem styrkir voru greiddir. Alls voru greiddir út 432 styrkir að upphæð 25,5 mkr. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2024 530,8 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2024 voru 3084 þar af 2194 félagi í VFÍ og aðrir 890. Sjóðfélögum fjölgaði um 5,5% milli ára.


Rekstrarreikningur

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	105.345	91.405
Rekstrartekjur alls	105.345	91.405
Rekstrargjöld		
Styrkir	25.518	21.003
Umsýslukostnaður	5.267	4.570
Annar kostnaður	872	802
Rekstrargjöld alls	31.657	26.375
Tekjur (gjöld) án fjármagnsliða	73.688	65.030
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	29.129	19.827
Tekjur umfram (gjöld)	102.817	84.857


Efnahagsreikningur

	2024	2023
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	13.026	14.128
Handbært fé	517.728	413.294
	530.754	427.422
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	530.239	427.422
Skammtímaskuldir	515	0
	530.754	427.422


Sjóðfélagar
Starfsmenntunarsjóðs



Fjöldi greiddra styrkja úr
Starfsmenntunarsjóði



Lykiltölur
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2024

Ekki var skipuð ný stjórn á starfsárinu en unnið er að því að finna áhugasama stjórnarmenn. Síðustu ár hefur bygging nýrra bústaða í Húsafelli verið aðalverkefni sjóðsins og nú þegar því er lokið er rétt að ný stjórn komi að nýjum verkefnum.

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2025 er tuttugasta og áttunda sumarið sem úthlutað er til félagsmanna. Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á sjö orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnesi, þrjú í Húsafelli en þar verða tvö ný hús tekin í notkun sumarið 2025. Þá á

sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2024 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, fjórar íbúðir á Akureyri, hús í Vopnafirði, Öfundarfirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigði sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga.

Auk gistingar í orlofshúsum gátu sjóðfélagar keypt ferðaávisun fyrir hótलगistingu, Golfkortið, Veiðikortið, Útilegukortið og Gjafabréf Ícelandair. Það má geta þess að eftirspurn eftir gjafabréfum Ícelandair hefur stóruð og eru útgjöld sjóðsins umtalsverð vegna þeirra.

Alls var greitt fyrir 4607 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2024. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir voru 3418 en aðrir sjóðfélagar eru 1189. Sjóðfélögum fjölgaði um 4,1% milli ára. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 160,5 mkr og leigutekjur voru 58,9 mkr. á árinu. Rekstrargjöld voru 143,8 mkr. og vaxtatekjur umfram vaxtagjöld 6,5 mkr.


Rekstrarreikningur

	2024	2023
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	160.526	144.870
Leigutekjur	58.900	27.041
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>219.426</u>	<u>171.911</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	92.492	57.090
Rekstur orlofshúsa	15.129	18.465
Umsýslukostnaður	26.331	20.629
Annar kostnaður	3.167	3.826
Fyrning sumarhúsa ofl	6.656	7.081
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>143.775</u>	<u>107.091</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	75.651	64.820
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	<u>6.539</u>	<u>7.182</u>
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>82.190</u>	<u>72.002</u>


Efnahagsreikningur

	2024	2023
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	374.281	251.436
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	27.031	19.988
Handbært fé	78.165	124.907
	<u>479.477</u>	<u>396.331</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	471.118	388.928
Skammtímaskuldir	8.359	7.403
	<u>479.477</u>	<u>396.331</u>

Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Öldungadeild VFÍ

Skýrsla stjórnar ÖVFÍ frá aðalfundi VFÍ 30. apríl 2024 til aðalfundar VFÍ 29. apríl 2025.

Aðalfundur ÖVFÍ var haldinn 29. maí 2024 í aðalstöðvum COWI að Urðarhvarfi 6 í Reykjavík.

Í stjórninni eru nú Pétur Stefánsson formaður og meðstjórnendurnir Andrés Svanbjörnsson og Daði Ágústsson, kjörnir til aðalfundar 2025 og meðstjórnendurnir Bergþór Þormóðsson og Magnús Bjarnason kjörnir til aðalfundar 2026.

Að loknum aðalfundinum hélt Einar Ragnarsson erindi um COWI á Íslandi og Mannvit, sem COWI hefur nú keypt. Að loknu erindi voru veitingar framreiddar. Ekki var leyfilegt að skoða húsakynni starfsfólks en prófunarstofa fyrirtækisins að Víkurhvarfi 8 var til sýnis.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir tíu stjórnarfundir. Stjórnarfundir eru nú að jafnaði síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

Félagsfundir á tímabilinu voru þrír:

- 6.11.24 Fornminjar í Stöðvarfirði, fyrirlesari Bjarni Einarsson fornleifafræðingur.
- 6.12.24 Jólafundur. Þorvaldur Friðriksson fjallaði um keltneskt landnám og áhrif keltneskrar menningar á íslenska menningu.
- 12.02.25 Bakgrunnur sögunnar um Segulfjörð. Höfundurinn Hallgrímur Helgason sagði frá rannsóknnum sínum og tengslum við sögu Siglufjarðar.

Farnar vour þrjár vinnustaðaheimsóknir á tímabilinu:

- 29.05.24 Kynnisferð í höfuðstöðvum COWI. (Aðalfundur ÖVFÍ)
- 2.10.24 Kynnisferð til ELKEM í Hvalfirði (Ísl. Járnl.fél.).
- 2.04.25 Kynnisferð í Sjóminjasafnið í Reykjavík.

Farin var ein ferð á vegum deildarinnar á árinu:

- 5.-6.06.24 Ferð í Dalina.

Stjórnin skipulagði ferð til Skotlands 6.-10. sept. nk. í samvinnu við Bændaferðir. Ferðin var felld niður vegna ónógrar þátttöku.

Stjórnin undirbýr svipaða stefnu í starfsemi á komandi ári eins og framfylgt hefur verið sl. ár.

Pétur Stefánsson, formaður ÖVFÍ.
Magnús Bjarnason, ritari ÖVFÍ.

Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag funda og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð. Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspegli ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt

að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra. Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt og ÍSHLJÓÐ sem starfar sem faghópur innan VFÍ. Þá er í bígerð að stofna faghóp um gervigreind.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Stefán Veturliðason og Jón Guðmundsson, varameðstjórnandi.

Í september 2024 stóð deildin fyrir ráðstefnunni Sátt um betra menntakerfi sem var mjög vel sótt og vakti athygli. Fyrirlesarar voru Johan Kreicsberg yfirmaður stefnumótunar hjá Sveriges Ingenjörer, Anna Helga Jónsdóttir prófessor við Raunvísindadeild HÍ, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Sigurður Magnús Garðarsson forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ, Sólveig Guðrún Hannesdóttir líffræðikennari og rektor MR og Tryggvi Hjaltason höfundur skýrslu um stöðu drengja í menntakerfinu og formaður Hugverkaráðs. Ráðstefnustjóri var Stefán Veturliðason verkfræðingur, í stjórn SVFÍ.



Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur og Síldarkvöld

Aðalfundur NVFÍ var haldinn 21. mars 2025. Guðni Helgason, Stefán Steindórsson og Sigurjón Þórsson gengu úr stjórn og er þeim þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Framboð komu frá þremur nýjum félögum. Það eru Erla Sara Svavarsdóttir, Sigurður Óli Guðmundsson og Sigríður Kartín Magnúsdóttir og voru þau kjörin með lófaklappi.

Formaður VFÍ Svana Helen Björnsdóttir var gestur fundarins og tók til máls þar sem hún fór yfir ýmis málefni er tengjast störfum VFÍ, eru henni færðar bestu þakkir fyrir komuna.

Ný stjórn er skipuð eftirfarandi:
Björgvin Smári Jónsson formaður
Sigríður Katrín Magnúsdóttir
Víðir Bjarkason
Erla Sara Svavarsdóttir
Sunna Guðmundsdóttir
Sigurður Óli Guðmundsson
Auður Erna Pétursdóttir

Að loknum aðalfundarstörfum var árlegt Síldarkvöld félagsins, veislustjóri var Rúnar Eff og snæddur kvöldverður frá Jaðar Bistró. Fundurinn og veislan voru vel sótt og heppnuðust vel.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu og skipulagt viðburði fyrir félagsmenn.

Haustferð

Farið var í haustferð í september 2024. Heimsóttum við Jarðböðin í Mývatnssveit og Kröfluvirkjun og snæddum kvöldverð á Sel Hótel í við Mývatn. Ferðin heppnaðist mjög vel og voru 20 manns í ferðinni.

Samlokufundir og heimsóknir

Skipulagðir samlokufundir í hádeginu hafa verið haldnir á Múlabergi og mælst vel fyrir hjá félagsmönnum, mæting hefur verið um 25-35 manns. Einnig bauð Vegagerðin á Akureyri í heimsókn sl vor og kynnti starfsemina og var það virkilega vel heppnaður viðburður.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Stefnan er ávallt að vera nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að samlokufyrirlestrar mættu vera fleiri. Þeir eru vel sóttir af félagsmönnum og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl félagsfólks á svæðinu.

Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku í framtíðinni. Hafi félagsmenn tillögu að samlokufyrirlestrum eða heimsóknum hvetur stjórn þá til að koma henni á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

Björgvin Smári Jónsson,
formaður NVFÍ.

Austurlandsdeild VFÍ

Stjórn 2024 - 2025

Björgvin Steinar Friðriksson, formaður.
Óskar Jónsson, varaformaður.
Benedikt Stefánsson, ritari.
Hekla Kolka Hlöðversdóttir, meðstjórnandi.
Erna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi.
Sigurður Freysson, varamaður.

Stjórnin fundaði í upphafi árs til að skipuleggja starfsárið sem átti að samanstanda af haustnámskeiði, haustferð og vornámskeiði. Starfsárið leið svo næstum sitt skeið án nokkurs viðburðar. Í byrjun apríl mánaðar var farið í vísinda- og kynnisferð hjá MS á Egilsstöðum. Mikil endurnýjun í vinnslusal kom flestum á óvart og starfsemi sem þar er í gangi. Tæknilegur og flókinn búnaður sem gaman var að fá kynningu á.

Aðalfundur AVFÍ þessa starfsárs var haldinn sama dag og áttu félagsmenn gott spjall um starfsemi deildarinnar. Ljóst að þó það komi starfsár líkt og þetta þar sem lítið er um viðburði þá vilja menn eindregið halda deildinni á lífi og reyna bara að gera betur á komandi starfsári.

Stjórn 2025 - 2026

Björgvin Steinar Friðriksson
Óskar Jónsson
Benedikt Stefánsson
Ágúst Þór Margeirsson
Hekla Kolka Hlöðversdóttir
Sigurður Freysson

F.h. stjórnar AVFÍ,
Björgvin Steinar Friðriksson.

Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2024 urðu ákveðin kaflaskil í störfum nefndarinnar og formaður hennar skilaði öllum gögnum til félagsins. Framtíð Orðanefndarinnar er í höndum félagsins, sérstaklega Rafmagnsverkfræðingadeildarinnar. Hugmyndir eru um að halda íðorðasmiði áfram og finna leiðir til að virkja almenna félagsmenn í því starfi. Hefur meðal annars verið nefnt að spennandi möguleikar séu í notkun gervigreindar.

Ársskýrsla Kvinnanefndar

Kvinnanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu og fimm ár. Markmið hennar er að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi Kvinnanefndarinnar og hefur starfið í raun legið niðri síðastliðin ár. www.facebook.com/kvinnanefndvfi.

Viðurkenningar til nemenda

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ

Verkfræðingafélag Íslands veitti þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar á Meistaradegi Verkfræðistofnunar sem fór fram í Grósku þann 16. maí 2024. Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ afhenti viðurkenningarnar og flutti ávarp af því tilefni.

Viðurkenningu hlutu þau Adolph M. Bravo Jr. fyrir verkefnið: Heat Flow Modelling of the Laugarnes and Elliðaár Geothermal Fields, Hafsteinn Esjar Baldursson fyrir verkefnið: Enhanced Cell Adhesion to 3D Printed PEGDA 700 Hydrogel Membranes for Bronchial Epithelial Models og Michaela Mária Peciarová fyrir verkefnið: Mechanical Properties and Microstructure of Well Cement Blends for Superhot Geothermal Wells.

Verkin tala í HR

Á hverju vori heldur Verkfræðideild Háskólans í Reykjavík uppskeruhátíð sem nefnist Verkin tala. Þar kynna meistaranemar við deildina niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum. Páll Á. Jónsson, varaformaður VFÍ flutti ávarp og afhenti viðurkenningar fyrir tvö bestu veggspjöldin.

Fyrir 30 eininga verkefni var það Friðrik Tryggvi Róbertsson sem hlaut viðurkenningu en hans verkefni var: Deep Reinforcement Learning in Well Pump Network Optimization for Power Reduction. Leiðbeinendur: María Sigríður Guðjónsdóttir og Egill Maron Þorbergsson. Fyrir 60 eininga verkefni hlaut Rakel Baldvinsdóttir viðurkenningu en hennar verkefni var: Gait Analysis for AFO Selection by using IMU Sensor. Leiðbeinandi: Magnús Kjartan Gíslason.


Lokaverkefni í tæknifræði

Verkfræðingafélag Íslands veitti þremur nemendum sem útskrifuðust í tæknifræði í janúar 2024 viðurkenningu fyrir vel unnið og áhugavert lokaverkefni. Viðurkenningar eru veittar fyrir lokaverkefni í byggingar-, rafmagns- og orku- og véltæknifræði. Fagstjórar í tæknifræði tilnefndu þrjú lokaverkefni hver og dómnefndir VFÍ völdu eitt verkefni af hverri braut sem hlaut viðurkenningu félagsins.

Eftirtalin fengu viðurkenningu að þessu sinni:

Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir fyrir lokaverkefni í byggingartæknifræði. - „Þverárrétt í Borgarfirði - Rannsókn á gæðum 60 ára steinsteypu“ Máni Gautason fyrir lokaverkefni í rafmagnstæknifræði. - „Radar Integration into Power Knee“ Símon Þór Hansen fyrir lokaverkefni í orku- og véltæknifræði. - „Endurvirkjun borholu“.

Jóhannes Benediktsson afhenti viðurkenningu fyrir lokaverkefni í byggingartæknifræði og Arnlaugur Guðmundsson afhenti viðurkenningar fyrir lokaverkefni í rafmagnstæknifræði og vél- og orkutæknifræði. Báðir eiga þeir sæti í Menntamálanefnd VFÍ og voru í dómnefnd vegna vals á lokaverkefnum.



Viðburðir 2024-2025

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2024-2025. Meginreglan er sú að allir almennir fundir eru í streymi. Upptökur eru á „Sjónvarp VFÍ“. (Hlekkur á forsiðu vfi.is). Auk þess sem hér er talið upp eru margs konar smærri fundir haldnir á vegum félagsins.

30. apríl 2024

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

7. maí 2024

Fræðslufundur BSTR og VFÍ

Varnir innviða – Lágmarkun byggingagalla og CE merkingar.

Fyrirlesarar: Ari Guðmundsson, Verkís, Gústaf Adolf Hermannsson og Þórunn Sigurðardóttir, HMS.

8. maí 2024

Aðalfundur ÍSHLJÓÐS.

16. maí 2024

Samlokufundur Norðurlandsdeildar VFÍ.

Heimsmet í skíðastökki – stökkpallur í Hlíðarfjalli.

Fyrirlesari: Ryoyu Kobayashi.

16. maí 2024

Námskeið: Virkjum kraftinn í streitunni.

Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson, þekkingarmiðlun ehf.

22. maí 2024

Námskeið í launaviðtölum – á Teams.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi.

28. maí 2024

Vorhittingur Norðurlandsdeildar VFÍ.

Heimsókn til Vegagerðarinnar á Norðurlandi.

29. maí 2024

Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ.

Í húsakynnum COWI á Íslandi.

30. maí 2024

Heimsókn frá IDA – danska verkfræðingafélaginu.

4. júní 2024

Námskeið í launaviðtölum – á Teams.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

5.–6. júní 2024

Vorferð Öldungadeildar VFÍ í Dalina vestur.

12. júní 2024

Námskeið í launaviðtölum – á Teams.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

13. júní 2024

Samlokufundur: Kynning á Kjarakönnun VFÍ.

Fyrirlesari: Ævar Þórólfsson, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ.

20. ágúst 2024

Vinnustofa á vegum VFÍ og FRV.

Rannsóknir í húsnæðis- og mannvirkjamálum.

25. ágúst 2024

Fjölskyldudagur verkfræðinnar.

Í samstarfi við Vísindasmiðju HÍ.

5. september 2024

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

5. september 2024

Samráðsfundur VFÍ.

9. september 2024

Málþing: Jarðskjálftaáhætta á Íslandi.

Á vegum Háskóla Íslands, Rannís og VFÍ.

10. september 2024

Rýniferðin 2024- kynningarfundur.

19. september 2024

Samlokufundur: Brúum bil kynslóðanna á vinnumarkaði.

Fyrirlesari: Guðrún Snorradóttir, stjórnendapjálfi.

26. september 2024

Ráðstefna: Sátt um betra menntakerfi.

Á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

Fyrirlesarar: Johan Kreicsberg yfirmaður stefnumótunar hjá Sveriges Ingenjörer, Anna Helga Jónsdóttir prófessor við Raunvísindadeild HÍ, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgaholtsskóla, Sigurður Magnús Garðarsson forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ, Sólveig Guðrún Hannesdóttir líffræðikennari og rektor MR og Tryggvi Hjaltason höfundur skýrslu um stöðu drengja í menntakerfinu og formaður Hugverkaráðs. Ráðstefnustjóri: Stefán Veturliðason verkfræðingur í stjórn SVFÍ.

26. september 2024

Námskeið í launaviðtölum – á Teams.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

2. október 2024

Heimsókn Öldungadeildar VFÍ til Elkem.

5. október 2024

Haustferð Norðurlandsdeildar VFÍ.

Mývatnssveit.

9. október 2024

Haustfundur Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og VFÍ.

Fyrirlesarar: Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, sviðsstjóri stafræns öryggis hjá Fjarskiptastofu og Marinó G. Njálsson CISA, CRISC, CDPSE ráðgjafi hjá Hörpu.

30. október 2024

Námskeið fyrir trúnaðarmenn.



6. nóvember 2024
Samlokufundur: Styrkleikar í lífi og starfi.
Fyrirlesari: Guðrún Snorradóttir, stjórnendapjálfi.

6. nóvember 2024
Fundur Öldungadeildar VFÍ: Stöð í Stöðvarfirði.
Fyrirlesari: Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur.

7. nóvember 2024
Námskeið í launaviðtölum.
Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

12. nóvember 2024
Kynningarfundur: Rýniferðin 2025 – Japan.

19. nóvember 2024
Námskeið í launaviðtölum.
Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

19. nóvember 2024
Haustfundur Rafstaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

3. desember 2024
Haustundur BSTR í samstarfi við VFÍ.
Staða Rb-blaðanna – Undirbúningur jarðganga.
Fyrirlesarar: Gústaf Adolf Hermannsson sérfræðingur hjá HMS og Freyr Pálsson sérfræðingur á hönnunardeild Vegagerðarinnar.

6. desember 2024
Jólafundur Öldungadeildar VFÍ.
Keltar á Íslandi. Fyrirlesari: Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðingur og fyrrum fréttamaður.

28. janúar 2025
Námskeið: Styrkleikar í lífi og starfi.
Leiðbeinandi: Guðrún Snorradóttir, stjórnendapjálfi.

7. febrúar 2025
Vísindaferð Nörd.

11. febrúar 2025
Námskeið í launaviðtölum.
Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

12. febrúar 2025
Fundur Öldungadeildar VFÍ.
Sextíu kílóa sagan. Fyrirlesari: Hallgrímur Helgason rithöfundur.

13. febrúar 2025
Samlokufundur Norðurlandsdeildar VFÍ.
Heimsókn til Drift EA, Akureyri.

17. og 18. febrúar 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Fyrir hádegi).

17. og 18. febrúar 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Eftir hádegi).

20. febrúar 2025
Ráðstefna: Risaverkefni - Stærðin skiptir máli
Í samstarfi við fjármálaráðuneytið, CORDA og MPM námið í HR, Vegagerðina og Betri samgöngur. Fyrirlesarar: Ingvild Melvær Hansen sérfræðingur í norska fjármálaráðuneytinu, Dre Ole Jonny Klakegg prófssor við háskólann í Þrándheimi, Dr. Per Sveivig prófessor við háskólann í Árósum, Bryndís Friðriksdóttir svæðisstjóri höfuðborgarsvæðis hjá Vegagerðinni, Dr. Þröstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum. Ráðstefnustjóri: Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ.

21. febrúar 2025
Vísindaferð Praha.

24. og 25. febrúar 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Fyrir hádegi).

24. og 25. febrúar 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Eftir hádegi).

3. og 4. mars 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Fyrir hádegi).

3. og 4. mars 2025
ChatGPT frá A-Ö. (Eftir hádegi).

10. og 11. mars 2025
ChatGPT frá A-Ö.

21. mars 2025
Aðalfundur Norðurlandsdeildar VFÍ.

25. mars 2025
Samlokufundur: Mikilvægi þrautseigju.
Fyrirlesari: Guðrún Snorradóttir, stjórnendapjálfi.

28. mars 2025
Dagur verkfræðinnar – Teningurinn afhentur.

3. apríl 2025
Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ.
Kynning á starfsemi MS. Ingvar Friðriksson, framleiðslustjóri og Zophonías Jónsson hjá Eflu.

29. apríl 2025
Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands.



Verkfræðingafélag Íslands